

ÁRSSKÝRSLA 2020



Náttúruhamfaratrygging
Íslands

EFNISYFIRLIT

Forsíðumynd frá Hornströndum sumarið 2020

Upplýsingar um stjórn og starfsfólk	4-5
Upplýsingar um tjónsatburði á árinu 2020	6-9
Helstu upplýsingar úr rekstrinum 2020	10-11
Rekstrarreikningur	12
Efnahagsreikningur	13
Helstu skýringar með ársreikningi	14-15





Ljósmynd frá Langasjó sumarið 2020

STJÓRN

Stjórn NTÍ var skipuð árið 2019 til fjögurra ára. Stjórnina skipa Sigurður Kári Kristjánsson formaður, Lína Björg Tryggvadóttir varaformaður, Jóna Björk Guðnadóttir, Ragnar Þorgeirsson og Steinar Harðarson.



Sigurður Kári Kristjánsson, stjórnarformaður, starfar hjá Lögmönnum Lækjargötu. Hann hefur gegnt hlutverki stjórnarformanns Náttúruhamfaratryggingar Íslands frá árinu 2015 og er skipaður af ráðherra.



Lína Björg Tryggvadóttir, varaformaður, er verkefnastjóri hjá Vestfjarðastofu og búsett á Ísafirði. Lína Björg var fyrst skipuð í stjórn NTÍ af Alþingi árið 2011 og var varaformaður stjórnar frá árinu 2015.



Ragnar Þorgeirsson, er löggildur fasteignasali og starfar á Heimili fasteignasölu. Ragnar var fyrst skipaður í stjórn NTÍ af Alþingi árið 2015. Ragnar er fulltrúi stjórnar í endurskoðunarnefnd.



Jóna Björk Guðnadóttir, er yfirlögfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF). Hún var varamaður í stjórn frá 2015-2019, en var skipuð í stjórn NTÍ eftir tilnefningu frá SFF árið 2019.



Steinar Harðarson, starfar sem sjálfstæður vinnuverndarráðgjafi hjá Vinnuvernd og forvörnum ehf. Hann var í stjórn frá 2011-2015, varamaður frá 2015-2019 og var nú aftur skipaður í stjórn árið 2019.

STARFSFÓLK

Kjarnastarfsemi NTÍ er skipuð fáum einstaklingum sem annast fjölbreytt verkefni innan stofnunarinnar. Þegar tjónsatburðir eiga sér stað er starfsemin miðuð að því að geta vaxið á skömmum tíma, bæði með tímabundnum ráðningum og þjónustu verktaka.



Hulda Ragnheiður Árnadóttir, MSc. í bankastjórnun, fjármálum og alþjóðaviðskiptum hefur verið forstjóri frá árinu 2010. Hún starfaði áður við innri endurskoðun og fjármálastjórn.



Tinna Hallbergsdóttir, MSc. í stjórnun og stefnumótun er sviðsstjóri þjónustusviðs. Hún hefur starfað hjá NTÍ frá árinu 2008.



Jón Örvir Bjarnason, MSc. í byggingaverkfræði og sviðsstjóri váttryggingasviðs. Hann hefur verið starfsmaður NTÍ síðan 2013, en var áður matsmaður í verktöku á vegum Verkís fyrir NTÍ allt frá árinu 2000.



Jónína Pálsdóttir, bókari og þjónustufulltrúi. Hún hefur starfað hjá NTÍ frá árinu 2012. Hún starfaði áður við bókhald hjá Virtus, bókhaldsþjónustu.



Snjóflóð á Flateyri, janúar 2020

TJÓNSATBURÐIR Á ÁRINU 2020

Alls voru tilkynnt tjón vegna 14 tjónsatburða á árinu 2020 til NTÍ. Þetta teljast óvenjumargir atburðir miðað við meðalár, en frá árinu 1987 hafa að meðaltali verið sjö tjónsatburðir á ári. Af þessum fjórtán tjónsatburðum voru níu atburðir sem leiddu til útborgunar tjónabóta en í fimm atburðum var ekki um að ræða neinar tjónabætur. Þeir atburðir sem leiddu til greiðslu tjónabóta á árinu voru;


- Vatnsflóð í Hvítá 13. janúar 2020
- Snjóflóð á Flateyri 14. janúar 2020
- Snjóflóð í Sólheimaskarði í Húnavatnshreppi 15. janúar 2020
- Sjávarflóð á Suðurnesjum 14. febrúar 2020
- Skriðufall í Laufafelli í Rangárþingi Ytra 11. mars 2020
- Vatnsflóð í Minnivallalæk í Rangárþingi Ytra 5. apríl 2020
- Jarðskjálftar við Eyjafjarðarál 20. júní 2020
- Jarðskjálfti við Krýsuvík 10. október 2020
- Aurskriður á Seyðisfirði 15. til 17. desember 2020.

Langmest varð tjónið í aurskriðum á Seyðisfirði í desember 2020, en þar hafa verið metnar tjónabætur að fjárhæð um 930 milljónir króna. Uppgjöri er lokið á u.þ.b. 92% þeirra tjónabóta. Einnig varð tjón í snjóflóði á Flateyri í janúar 2020, en þá varð fyrst og fremst bótaskyld tjón hjá NTÍ á einu íbúðarhúsi og innbúi.


Tilkynnt tjónamál voru samtals 212, í 91 tilviki leiddi tilkynning til tjónabóta, í 108 tilvikum var málum hafnað þar sem ekki var unnt að rekja skemmdir til váttryggðs atburðar og í 13 tilvikum var um að ræða tjón undir eigin áhættu.

Þeir tjónsatburðir sem vísað var til í tilkynningum en voru ekki taldir hafa valdið meintum tjónum var sjávarflóð á Granda 7. janúar 2020, sjávarflóð í Eyjafirði 14. febrúar 2020, jarðskjálfti á Reykjanesi 12. mars 2020 og jarðskjálfti á Reykjanesi 26. ágúst 2020.

TJÓNABÆTUR Í AURSKRIÐUM Á SEYÐISFIRÐI 2020



AÐRAR GREIDDAR TJÓNABÆTUR Á ÁRINU 2020





Breiðablik, Austurvegur 38a



Tækniminjasafnið, Hafnargata 38



Framhús, Hafnargata 6



Horft í átt að Hafnargötu 29

AURSKRIÐURNAR Á SEYÐISFIRÐI 15. TIL 17. DESEMBER 2020

Eftir mikla úrkomuákefð í nokkuð langan tíma féllu tvær aurskriður úr Nautaklauf á Seyðisfirði aðfaranótt 16. desember. Aðfaranótt 18. desember lenti skriða á húsið Breiðablik, Austurveg 38a og flutti um fimmtíu metra leið af grunni sínum. Húsið var gjörónýtt. Þann 18. desember féll síðan stór aurskriða úr Botnabrún, milli Búðarár og Stöðvarlækjar, á tíu hús. Neyðarstigi var lýst yfir á Seyðisfirði og var bærin rýmdur og allir fluttir á fjöldahjálparstöð Rauða krossins á Egilsstöðum. Á meðfylgjandi myndum má sjá hvernig var umhorfs á Seyðisfirði í kjölfar aurskriðanna.



Tækniminjasafnið, Hafnargata 38



Þakið á Þórhamri, Hafnargötu 25 og til hægri sést það sem eftir stóð af Hafnargötu 38



HELSTU UPPLÝSINGAR ÚR REKSTRINUM

Vegna ársins 2020

Heildarhagnaður ársins 2020 nam 6 milljörðum samanborið við 5,6 milljarða árið 2019. Fjárfestingatekjur bera stærstan hluta þessa hagnaðar, eða 4,6 milljarða. Fjárfestingatekjur eru mun meiri á árinu 2020 en árin 2019 þegar þær voru 3,3 milljarðar og árið 2018 þegar þær voru 1,8 milljarður. Iðgjaldatekjur aukast um rúmlega 11% á milli ára sem er svipuð aukning og á milli árunna 2018 og 2019. Á sama tíma eykst rekstrarkostnaður um rúmlega 10%. **Mynd 1** sýnir hvernig heildartekjur NTÍ á árinu 2020, alls 9,5 milljarðar skiptast á milli iðgjalda- og fjárfestingartekna. **Mynd 2** sýnir þróun á heildarvirði váttryggðra eigna frá árinu 2003 í milljörðum króna. Á þeirri mynd sést hversu mikil aukning varð á verðmæti váttryggðra eigna á milli árunna 2018 og 2020. Sú aukning er fyrst og fremst vegna hækkunar brunabótamats sem er forsenda váttryggingafjárhæðar húseigna. Á **Mynd 3** má sjá heildartjónskostnað NTÍ allt aftur til ársins 2008, en í maí það ár varð stór jarðskjálfti á Suðurlandi, sem jafnframt er stærsti tjónsatburður í sögu stofnunarinnar. Heildargreiðslur vegna atburðarins, framreiknaðar með byggingarvísitölu til ársloka 2020, nema um 16 milljörðum króna.


Í desember 2020 varð stór aurskriða á Seyðisfirði sem olli umtalsverðu tjóni. Greiðslur vegna þess atburðar koma til á árinu 2021 og því sést hann ekki á þessari mynd. Kostnaður vegna þess atburðar er um 1,1 milljarður króna. Heildargreiðslur vegna atburðarins, framreiknaðar með byggingarvísitölu til ársloka 2019, nema um 16 milljörðum króna.

Hagnaði NTÍ er ráðstafað inn á eignasafn, en eignir aukast um 17% á milli ára. Efnahagsreikningur ársins 2020 gefur niðurstöðu upp á 54,5 milljarða, samanborið við 46,6 milljarða fyrir árið 2019.

TEKJUSKIPTING


Samtals 9,5 milljarðar króna

Mynd 1




HEILDARVIRÐI VÁTTRYGGÐRA EIGNA

Mynd 2



HEILDARTJÓN FRÁ 2008-2019 Á NÚVIRÐI

Mynd 3



LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI 2020

ALLAR FJÁRHÆÐIR ERU Í
MILLJÓNUM KRÓNA

REKSTRARREIKNINGUR

		2020	2019
Iðgjöld ársins		3.556.256	3.259.983
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum		(462.240)	(477.562)
Eigin iðgjöld	4	3.094.016	2.782.421
Fjármunatekjur	5	5.950.565	4.277.012
Fjármagnstekjuskattur	17	(1.309.124)	(940.943)
Fjárfestingatekjur		4.641.441	3.336.069
Heildartekjur		7.735.457	6.118.490
Tjónakostnaður		(1.275.904)	(9.367)
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði		0	(24.881)
Eigin tjón	6	(1.275.904)	(34.248)
Rekstrarkostnaður	7-9	(447.047)	(404.990)
Umboðslaun		(31.373)	(30.163)
Vaxtagjöld		(3.452)	(3.640)
Heildargjöld		(1.757.776)	(473.041)
Heildarhagnaður ársins		5.977.681	5.645.449

EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2020

	Skýr.	2020	2018
EIGNIR			
Rekstrarfjármunir	10*	3.293	4.116
Leigueign	11*	54.299	58.219
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	13*	52.151.503	45.008.525
Endurtryggingaeignir	14*	12.000	12.000
Viðskiptakröfur		852.249	797.705
Aðrar kröfur		5.322	3.609
Handbært fé		1.427.848	688.345
		54.506.514	46.572.519
EIGIÐ FÉ			
Varasjóður		4.270.135	4.270.135
Óráðstafað eigið fé		45.767.286	39.789.606
	15*	50.037.421	44.059.741
SKULDIR			
Vátryggingaskuld	15*	2.214.954	1.092.213
Skattskuldbinding	16*	2.132.566	1.304.435
Leiguskuld		57.048	59.701
Viðskiptaskuldir		17.691	18.184
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innh. tekjur		46.834	38.245
		4.469.093	2.512.778
		54.506.514	46.572.519

*Stjórnumerkta skýringar má finna í ársreikningi á heimasíðu NTÍ, www.nti.is, aðrar skýringar eru á bls. 10-11

HELSTU SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2020

Skýring 4	2020	2019
Eigin iðgjöld		
Bókfærð iðgjöld	3.578.019	3.306.803
Hluti endurtryggjenda	(462.240)	(477.562)
Breyting á iðgjaldaskuld	(21.763)	(46.819)
Eigin iðgjöld samtals	3.094.016	2.782.421
 Skýring 5		
Fjármunatekjur		
Vaxtatekjur af bankainnistæðum	6.811	45.146
Aðrar vaxtatekjur	491	76
Gangvirðisbreyting verðbréfa	5.942.027	4.227.752
Gengismunur gjaldmiðla	1.236	4.038
Fjármunatekjur samtals	5.950.565	4.277.012
 Skýring 6		
Eigin tjón		
Bókfærð tjón	174.925	18.846
Hluti endurtryggjenda	0	(14.619)
Breyting á tjónaskuld	1.100.979	(9.479)
Breyting á hluta endurtr. í tjónaskuld	0	39.500
Eigin tjón samtals	1.275.904	34.248
 Skýring 7		
Rekstrarkostnaður		
Laun og launatengd gjöld	100.697	101.237
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	43.684	34.124
Innheimtuþóknun váttryggingafélaga	147.418	135.245
Umsýsluþóknun fjársýsluaðila	103.377	86.241
Rannsóknarkostn.vegna náttúruvár	5.097	4.775
Húsnæðiskostnaður	3.461	2.655
Breyting á niðurfærslu krafna	382	805
Tapaðar kröfur	456	564
Afskriftir rekstrarfjárm. og leigueignar	6.783	6.831
Annar rekstrarkostnaður	35.692	32.513
Rekstrarkostnaður samtals	447.047	404.990

Skýring 8	2020	2019
Laun og launatengd gjöld		
Laun	80.042	79.471
Lífeyrisiðgjöld	13.033	13.178
Tryggingaiðgjald	6.025	6.270
Önnur launatengd gjöld	1.597	2.318
Laun og launatengd gjöld samtals	100.697	101.237
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstör	6	6

Skýring 9		
Þóknun til endurskoðanda		
Endurskoðun ársreiknings	2.079	1.994
Innri endurskoðun	2.049	1.680
Endurskoðunarkostnaður samtals	4.128	3.674

Skýring 17		
Skuldbinding vegna fjármagnstekjuskatts		
Skuldbinding í ársbyrjun	1.304.435	713.212
Fjármagnstekjuskattur ársins	1.309.124	940.943
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(480.993)	(349.720)
Skuldbinding í árslok	2.132.566	1.304.435

